



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**

# ÁRSSKÝRSLA

félagseininga Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir  
árið 2025

**Björgunarsveitin Kjölur**

Nafn félagseiningar

Efni:

Efni:.....	2
Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2025 .....	3
Upplýsingar um félagseiningu.....	4
Ný Stjórn félagseiningar:.....	4
Formaður .....	4
Varaformaður.....	4
Gjaldkeri .....	5
Ritari .....	5
Meðstjórnandi.....	5
Meðstjórnandi.....	5
Meðstjórnandi.....	5
Fulltrúi í Svæðisstjórn.....	5
Fundir og Útköll.....	6
Helstu verkefni á árinu .....	6
Húsa- og tækjæign.....	7
Björgunarstöð / Tækjageymsla: .....	7
Aðstaða í björgunarstöð: .....	7
Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:.....	7
Tæki.....	8
Bílar:.....	8
Sjótæki:.....	8
Fjór hjól:.....	8
Fjór hjól:.....	8
Kerrur .....	8
Viðauki A. Útköll á árinu.....	9

## Björgunarsveitin Kjölur - ársskýrsla 2025

Árið 2025 var í heildina nokkuð rólegt á útkallasviðinu en þrátt fyrir það nóg við að vera. Félagslíf var með ágætum, samvera á vinnukvöldum, fundum og æfingum en einnig utan þess. Samstarf við SHS gott, hvort sem var gagnvart slökkviliðseiningunni á Kjalarnesi eða öðrum einingum. Hluti mannskaps er nýttur bæði björgunarsveitar- og slökkviliðsmegin sem er hentugt í útköllum, æfingum eða öðrum viðburðum. Þess má geta að samningur vegna vettvangsliða hefur verið virkur frá árinu 2006 og því að detta í 20 ára farsælt samstarf. Einn nýliði kláraði þjálfun og fór á útkallslista í lok árs og tveir aðrir nýliðar komu inn í starfið um haustið. Þeim sem eru búsettir á Kjalarnesi og Kjós fjölgaði í fyrsta sinn í mörg ár, umfram þá sem búa í Mosfellsbæ eða önnur Reykvísk pósthúsnúmer. Samhliða fjölgaði einnig félögum með skráð sjúkraflutningaréttindi og eru nú orðnir sex manns. Skráðir félagar á útkalli voru fjórtán, bæði fyrir fyrstu og seinni bylgju. Í heildina voru nítján félagar skráðir. Útköll voru að venju fjölbreytt en flest í flokkunum: leitir, slys og veikindi. Verkefni vegna óveðurs og ófærðar voru fá en þó fleiri en árinu áður, m.a. tvisvar rauð veðurviðvörðun og lokun vesturlandsveggar vegna sjávarágangs. Tjón vegna veðurs á heimasvæði var þó í lágmarki. Komið var að endurnýjun fjórhjóra og fóru margar vinnustundir í að gera nýju tækin útkallshæf. Ýmis annar búnaður sem tengdist hjólum og jetskiðum var einnig endurnýjaður eða -bættur á árinu.

Vinna sem var langt komin í tengslum við stækkun áhaldahússins og slökkvistöðvar fékk skjótan endi um haustið, þegar í ljós kom að búið er að skipuleggja íbúðabyggingu á lóðinni. Fyrir liggur að bækkistöð björgunarsveitar, slökkviliðs og áhaldahúss verður rífið. Byggingaframkvæmdir fóru því á byrjunarreit með leit að annari lóð, fjármögnun og nýjum teikningum. Ekki liggur hver tímalínan verður. Hefðbundin sala á Neyðarkalli var í nóvember sem gekk vel. Árinu var endað með því að skjóta flugeldum á loft við brennuna á Klébergi sem íbúar og aðrir velunnarar höfðu að venju safnað fyrir.

### Útköll

Útköll sem sveitin tók þátt í á árinu voru 69 sem var nokkur fækkun frá árinu áður. Björgun háhyrnings í Hofsvík var með óvenjulegustu verkefnunum en ekki tókst að bjarga skepnunni. Hvalurinn var aflífaður af lögreglu í fjöru, áður en björgunarsveitir drögu hræið á haf út. Tímabilið frá september til áramóta var mjög rólegt, lítið um óveður og ófærð. Vettvangsliðaútköll á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins voru líka fá á sama tímabili. Alls voru 37 útköll vegna slysa og veikinda á Kjalarnesi og í Kjós mönnum á árinu. Auk hefðbundinna útkalla var farið í tvær hálendisvaktir að Fjallabaki um sumarið - önnur vikan í samstarfi við björgunarsveitir af norðurlandi.

### Tæki og búnaður

Tvö ný fjórhjól voru tekin í notkun um sumarið en jafnframt haldið í þau gömlu. Nýju hjólin voru í framlínu útkalla með bækkistöð í slökkvistöðinni á Skarhólabraut en þau gömlu staðsett á Kjalarnesi fyrir seinni bylgju. Samhliða fór fjórhjólakerra í viðgerð og hjálmar voru endurnýjaðir. Jetskiðin fengu árlegt viðhald, fjarskiptabúnaður var bættur og sjógallar endurnýjaðir. Hluti félaga fékk fyrstu hjálpar töskur til að staðsetja í einkabíla en sá búnaður er m.a. til að bregðast við útköllum á leið til/frá bækkistöð.

### Námskeið og æfingar

Kjölur tók þátt í samæfingu jetskiða á Þingvallavatni og landsæfingu í Hvalfirði um haustið. Farin var æfingaferð á fjórhjólum og jeppa um Fjallabak, auk æfinga á heimasvæði. Upprifjun vettvangsliða var tekin bæði verklega og bóklega um vorið og haustið. Einn aðili tók endurmenntun WFR og annar EMT-B. Forgangsaksturnámskeið var tekið fyrir hóp í bækkistöð en önnur námskeið voru á vegum einstaklinga.

### Önnur verkefni

Hefðbundin gæslu- og samfélagsverkefni voru að venju á árinu, m.a. tekið þátt í Minningardegi fórnarlamba umferðarslysa ásamt slökkviliði Kjalarness, gæslu á Sjómannadeginum í Reykjavíkurborg auk annara verkefna fyrir nærsamfélagið. Endurskinsmerkjum var dreift í Klébergsskóla og farið í tvo aðra skóla á höfuðborgarsvæðinu með kynningar á björgunarsveitastarfi. Haldið var áfram með stikuverkefni í Esjunni á vegum Reykjavíkurborgar.



*Kjalarfélagar á hálendisvakt að Fjallabaki, júlí 2025*

## Upplýsingar um félagseiningu.

Nafn félagseiningar: Björgunarsveitin Kjölur  
 Sveitarfélag: Kjalarnes, Reykjavík  
 Fjöldi félaga: 19  
 Kallmerki: KJÖLUR

Félagar á útkallsskrá: 14 (útkall/heildarútkall)  
 Kennitala: 690390-1089

## Ný Stjórn félagseiningar:

### **Formaður**

Nafn: Brynjar Már Bjarnason Kt.: 290480-4509  
 Heimili: Hverafold 100 Staður: Reykjavík Pnr 112  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 6602962  
 Gsm: \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: [kjolurformadur@gmail.com](mailto:kjolurformadur@gmail.com)

### **Varaformaður**

Nafn: Bjarki Þór Arnarson Kt.: 071078-5589  
 Heimili: Garðsstöðum 28 Staður Reykjavík Pnr. 112  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 6991700  
 Gsm \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: [kjolurbjargar@gmail.com](mailto:kjolurbjargar@gmail.com)

**Gjaldkeri**

Nafn: Sonja Þórey Þórsdóttir Kt.: 300578-4119  
 Heimili: Leifsgata 16 Staður: Reykjavík Pnr.: 101  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 6946434  
 Gsm \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: sonjathorey@gmail.com

**Ritari**

Nafn: Anna Filbert Kt.: 291158-4049  
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 6168493  
 Gsm: \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

**Meðstjórnandi**

Nafn: Adam Finnsson Kt.: 160189-2079  
 Heimili: Búagrund 14 Staður: Reykjavík Pnr.: 116  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 8455839  
 Gsm: \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: adam.benedikt.finnsson@gmail.com

**Meðstjórnandi**

Nafn: Birgir Þór Guðbrandsson Kt.: 100787-2379  
 Heimili: Leirutanga 20 Staður: Reykjavík Pnr.: 270  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 8665960  
 Gsm: \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: birgir.thor.gudbrandsson@gmail.com

**Fulltrúi í Svæðisstjórn**

Nafn Anna Filbert Kt.: 291158-4049  
 Heimili: Esjugrund 35 Staður: Reykjavík Pnr.: 116  
 Heimasími: \_\_\_\_\_ Vinnusími: \_\_\_\_\_ Farsími: 6168493  
 Gsm \_\_\_\_\_ Boðtæki: \_\_\_\_\_ Netfang: annalyckfilbert@gmail.com

## Fundir og Útköll

Bókfærðir:	Stjórnarfundir:	<u>6</u>
	Félagsfundir:	<u>8</u>
	Aðrir fundir	<u>8</u>

Fjöldi útkalla árið 2025: **69**

Leit á landi :	<b>17</b>	slys og veikindi: 37
Óveður:	5	björgun : 0
Önnur aðstoð á landi:	3	leit og björgun á sjó: 7

## Helstu verkefni á árinu

Í tímaröð: (dags. og stutt lýsing)

Janúar:	6 x útköll Gæsla á Þorablóti Kjósverja Snjóflóðamessa - fjarfundur
Febrúar:	7 x útköll Ný fjórhjól afhent frá umboði
Mars:	8 x útköll Forgangsakstur fjarnámskeið Upprifjun vettvangshjálpa í Þórnýjarbúð Páskaeggjaleit með félögum og fjölskyldum
Apríl:	4 x útköll Aðalfundur Kjalar
Mái:	5 x útköll Endurskinsvesti og kynning í leikskóla í Grafarvogi
Júní:	13 x útköll Sjómanna dagurinn Rvkhöfn – gæsla
Júlí:	4 x útköll Kátt í Kjós - gæsla Samæfing jetskiða á Þingvallavatni Hálendisvakt að Fjallabaki
Ágúst:	7 x útköll Hálendisvakt að Fjallabaki með bjsv Húnum
September:	5 x útköll Helgar tækjaferð um Fjallabak Kynning á björgunarsveitastarfi 6. Bekkur Dalskóli
Október:	3 x útköll Landsæfing í Hvalfirði Upprifjun vettvangshjálpa í Þórnýjarbúð

Nóvember:	3 x útköll Neyðarkallasala Grundarhverfi og Rvk Fjór hjólaæfing Kjalarnes Fulltrúaráðsfundur SL Ljósaganga í Esjunni - gæsla Minningardagur fórnarlamba umferðarslysa
Desember:	4 x útköll Endurskinsmerki í Klébergsskóla Jólafundur með 800 einingu Flugeldasýning íbúa við áramótabrennu

## Húsa- og tækjæign

### **Björgunarstöð / Tækjageymsla:**

Húsnæði / leiguhúsnæði

Heimilisfang: **Þórnýjarbúð, Norðurgrund 1**

Póstnr: **116** Staður: **Reykjavík**

**Aðstaða í björgunarstöð:**

Stjórnstöð  Bílageymsla  Bátageymsla  Sleðageymsla

Fundarsalur Skápar fyrir einstaklingsbúnað

**Fjarskiptaleiðir í stjórnstöð:**

Sími: \_\_\_\_\_ Óskráður sími: \_\_\_\_\_

Farsími: 6168493 Farsími: \_\_\_\_\_

Myndriti: \_\_\_\_\_ Netfang: **bjorgunarsveit@simnet.is**

SSB  VHF. bj.sv.rás  VHF bátastöð

VHF alm.v.rás  VHF leitari (skanner)  Tetra

VHF miðunarstöð  CB rásir fjöldi VHF handtalstöðva : 6

**Tæki.**

**Bílar:**

Tegund: **Ford F-350** Árgerð: **2019** Kallmerki: **KJÖLUR 1**  
 Skr.nr: **JYJ-51**  
 Fjarskipti : farsíma nr. **X VHF** SSB CB **XGPS XTetra**  
 Annað: **Tetra bílstöð (641-3111)**

Tegund: **Toyota Land Cruiser** Árgerð: **2022** Kallmerki: **KJÖLUR 2**  
 Skr.nr : **BYE56**  
 Fjarskipti : farsíma nr. **XVHF** SSB CB **XGPS XTetra**  
 Annað **Tetra bílstöð 641-3110**

**Bátar:**

tegund: **2 x jetskiði** árgerð: **2018** Fjarskipti: **X VHF** CB **XGPS XTetra**

**Fjór hjól:**

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2025** Skr.nr : **SOZ75**  
 Fjarskipti : Farsími **X VHF** SSB CB **XGPS XTetra**

**Fjór hjól:**

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2025** Skr.nr : **JNB31**  
 Fjarskipti : Farsími **X VHF** SSB CB **XGPS Xtetra**

**Fjór hjól:**

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2020** Skr.nr : **BVR47**  
 Fjarskipti : Farsími **X VHF** SSB CB **XGPS Xtetra**

**Fjór hjól:**

Tegund: **Can Am Outlander** Árgerð: **2020** Skr.nr : **MMP38**  
 Fjarskipti : Farsími **X VHF** SSB CB **XGPS Xtetra**

**Kerrur:**

Tegund: **Fjór hjólakerra EZZ89**, fyrir tvö fjór hjól, Víkurvagnar - árgerð 2013.

Tegund: **Jetskiðakerra BIR79**, tveggja öxla með lyftubúnaði fyrir tvö jetskiði, sérsníðuð 2018.

## Viðauki A. Útköll á árinu

Kjölur tók þátt í 69 útköllum á árinu. Þar af voru 37 útköll vegna slysa og bráðaveikinda á Kjalarnesi og í Kjós.

### 69. LEIT

F2 Leit að manni við Mosfellsbæ. Tvö fjórhjólategymi voru klár til leitar þegar viðkomandi fannst og afturkallað.

F2

28. desember 2025

### 68. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna krampa í heimahúsi. Fjórir félagar fóru á vettvang.

F1

13. desember 2025

### 67. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á vettvang.

F1

8. desember 2025

### 66. LEIT

F2 Leit að manni sem óttast var um í Hafnarfirði. Fjögur fjórhjólategymi og einn aðgerðastjórnandi fóru til leitar.

F2

3. desember 2025

### 65. MEÐVITUNARLEYSI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis í heimahúsi. Einn Kjalarmaður fór á vettvang.

F1

27. nóvember 2025

### 64. LEIT Á SJÓ

F1 Útkall vegna báts sem talin var sokkinn við Kjalarnestá. Áhöfn jetskiðis var á leið í bækistöð þegar aðgerð var hætt, reyndist enginn bátur.

F1

4. nóvember 2025

### 63. LEIT

F2 Útkall vegna leitar að unglingsstúlku sem óttast var um í Grafarvogi. Tvö fjórhjólategymi fóru til leitar auk aðgerðastjórnenda.

F2

1. nóvember 2025

## 62. LOKUN/FASTIR BÍLAR

F3 Útkall vegna slæmrar akstursskilyrða á Kjalarnesi. Veginum var lokað um stund og ökumenn aðstoðaðir.

F3

29. október 2025

## 61. ÓVEÐUR

F3 Ófærð eftir mikla snjókomu á höfuðborgarsvæðinu. Viðbragðsstaða Kjalarmanna í bækisstöð fram eftir degi.

F3

28. október 2025

## 60. SLYS

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna falls í heimahúsi á Kjalarnesi. Tveir fóru á vettvang.

F1

25. október 2025

## 59. LEIT

F2 Leit að manni við Úlfarsfell. Tvö fjórhjólategymi voru á leið til leitar þegar útkallið var afturkallað.

F2

27. september 2025

## 58. LEIT

F2 Leit að unglingi frá Akranesi sem óttast var um. Tvö fjórhjólategymi voru á leiðinni þegar viðkomandi fannst heil á húfi.

F2

23. september 2025

## 57. ÁREKSTUR

F2 Útkall vegna áreksturs á gatnamótum Hvalfjarðar- og vesturlandsvegur. Einn fór á vettvang ásamt öðrum viðbragðsaðilum.

F2

21. september 2025

## 56. FASTUR BÍLL

F3 Útkall í æfingaferð sveitarinnar um Fjallabak, bíll fastur í Kirkjufellsós. Bíllinn losaður og fjölskyldunni komið í skjól í Landmannalaugar.

F3

13. september 2025

## 55. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna einstaklings í krampa. Þrír Kjalarmenn fóru á vettvang.

F1

3. september 2025

## 54. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna geðrænna veikinda. Einn maður fór á vettvang.

F2

30. ágúst 2025

## 53. LEIT

F2 Leit að barni við Hveragerði. Tvö fjórhjól og einn aðgerðastjórnandi fóru austur. Drengurinn fannst heill á húfi eftir 12 klst leit.

F2

29. ágúst 2025

## 52. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis í Kjós. Einn fór á vettvang.

F1

29. ágúst 2025

## 51. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda. Tveir menn fóru á staðinn.

F2

19. ágúst 2025

## 50. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda. Tveir fóru á staðinn.

F2

18. ágúst 2025

## 49. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Kjós. Einn fór á vettvang.

F2

13. ágúst 2025

## 48. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Grundarhverfi. Einn Kjalar félagi fór til aðstoðar.

F2

1. ágúst 2025

## 47. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda á Kjalarnesi. Einn fór á vettvang.

F2

25. júlí 2025

## 46. AÐSTOÐ

F3 Útkall vegna göngumanns sem örmagnaðist við Þríhjúkagíg. Eitt fjórhjólategymi fór og sótti viðkomandi.

F3

20. júlí 2025

## 45. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda. Tveir menn fóru á staðinn.

F2

16. júlí 2025

## 44. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bráðaveikinda. Afturkallað, rétt áður en komið var á staðinn.

F1

4. júlí 2025

## 43. SLYS

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna tveggja reiðhjólasyssa í Kjós. Tveir menn fóru á vettvang.

F2

29. júní 2025

## 42. LEIT

F1 Leit á sjó vegna rekalds sem talið var vera kajak á hvolfi Tvö jetskíða teymi fóru til leitar við Viðey. Enginn reyndist í hættu.

F1

25. júní 2025

## 41. FÆÐING

F2 Útkall á vegum SHS vegna fæðingar, en stúlka kom í heiminn án aðstoðar viðbragðsaðila.

F2

19. júní 2025

## 40. LEIT

F2 Framhaldsleit vegna nýrra vísbendinga. Tvö fjórhjólategymi leituðu við Elliðardal. Leit bar ekki árangur.

F2

17. júní 2025

## 39. LEIT

F2 Framhaldsleit að einstaklingi frá Kópavogi sem ekkert hafði spurst til. Tveir göngumenn fóru til leitar á Kársnesi.

F2

16. júní 2025

## 38. ÁREKSTUR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna áreksturs í Hvalfjarðargöngum. Tveir menn fóru á slysstað.

F2

15. júní 2025

## 37. BÍLVELTA

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bílveltu á hringtorgi á vesturlandsvegi. Einn fór á slysstað.

F2

15. júní 2025

## 36. LEIT

F2 Leit að einstaklingi sem óttast var um á höfuðborgarsvæðinu. Eitt fjórhjólategymi var við leit uns aðgerðum var frestað.

F2

14. júní 2025

### 35. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda á Kjalarnesi. Fjórir Kjalarmenn fóru á vettvang.

F2

12. júní 2025

### 34. AÐSTOÐ Á SJÓ

F3 Útkall vegna hvalhræs sem þurfti að draga úr fjöru á Kjalarnesi. Fimm manns komu að, jetskíði og jeppi.

F3

12. júní 2025

### 33. LEIT

F3 Framhaldsleit að göngumanni í Esjunni. Einn Kjalarmaður var við leit og fleiri á leiðinni, þegar viðkomandi fannst.

F3

10. júní 2025

### 32. LEIT

F2 Leit að göngumanni sem skilaði sér ekki tilbaka úr Esjunni. Þrír menn fóru til leitar. Leit bar ekki árangur.

F2

9. júní 2025

### 31. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis á Kjalarnesi. Tveir menn fóru á vettvang.

F2

2. júní 2025

### 30. EFTIRLEIT

F3 Framhaldsleit að sjósundsmanni við Granda. Tvö jetskíði fóru til leitar. Maðurinn fannst látinn eftir skamma leit.

F3

30. maí 2025

### 29. LEIT

F1 Leit að sjósundsmanni sem örmagnaðist við Granda. Tvö jetskíðateymi og gönguhópur fóru til leitar. Leit bar ekki árangur.

F1

29. maí 2025

### 28. SLYS

F1 Útkall vegna drengs sem féll í Hvítá. Þrír straumvatns björgunarmenn lögðu af stað austur með jetskíði.

F1

28. maí 2025

### 27. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Kjós. Tveir menn fóru á vettvang.

F2

18. maí 2025

## 26. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna andlegra veikinda. Tveir menn fóru á staðinn.

F2

18. maí 2025

## 25. LEIT

F2 Leit á höfuðborgarsvæðinu að ungum manni sem óttast var um. Tvö fjórhjólategymi fóru til leitar í Seljahverfi.

F2

15. apríl 2025

## 24. LEIT

F3 Eftirleit að manni sem saknað hefur verið síðan í mars. Eitt jetskíði leitaði fjörur við Geldinganes og norðanvert Reykjavík.

F3

12. apríl 2025

## 23. MEÐVITUNDARLEYSI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarlausss einstaklings. Einn Kjalarfélagi fór á staðinn.

F1

7. apríl 2025

## 22. LEIT

F1 Leit að manni sem óttast var um við Seltjarnarnes og vesturbæ Reykjavíkur. Tvö fjórhjólategymi fóru til leitar.

F1

3. apríl 2025

## 21. LEIT

F3 Eftirleit á fjörum við Gufunes og Geldinganes. Tvö jetskíði fóru til leitar ásamt einum göngumanni.

F3

30. mars 2025

## 20. VEIKINDI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna brjóstverks í Grundarhverfi. Þrír fóru á staðinn.

F1

29. mars 2025

## 19. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda á Kjalarnesi. Einn fór á staðinn.

F2

24. mars 2025

## 18. ÖNDUNARERFIÐLEIKAR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Grundarhverfi. Þrír félagar fóru á staðinn.

F2

22. mars 2025

## 17. LEIT

F2 Leit að manni sem mögulega hafði farið í sjó við Kirkjusand. Leitað var á landi og sjó. Tvö fjórhjólategymi mættu.

F2

22. mars 2025

## 16. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda á Kjalarnesi. Tveir félagar fóru á staðinn.

F2

14. mars 2025

## 15. BÍLVELTA

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna bílveltu á Hvalfjarðarvegi. Einn Kjalarmaður fór á slysstað.

F2

3. mars 2025

## 14. LOKUN

F3 Lokun og umferðarstýring á vesturlandsvegi vegna brims og grjótkasts yfir veginn. Tveir menn á tveimur jeppum stóðu vaktina á háflóði.

F3

2. mars 2025

## 13. SLYS

F2 Útkall vegna hlaupara sem slasaðist á fæti undir Þverfellshorni í Esju. Fjórhjólategymi fór til aðstoðar sjúkraflutningamönnum.

F2

20. febrúar 2025

## 12. MEÐVITUNDARLEYSI

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna meðvitundarleysis í Grundarhverfi. Þrír aðilar fóru á vettvang.

F1

16. febrúar 2025

## 11. SLYS

F1 Útkall vegna göngumanns sem missti meðvitund við Grímansfell. Tveir göngumenn og fjórhjól fóru í útkallið.

F1

16. febrúar 2025

## 10. SLYS

F2 Útkall vegna göngumanns sem slasaðist í Esjunni. Fjórhjól og tveir göngumenn fóru til aðstoðar sjúkraflutningamönnum.

F2

16. febrúar 2025

## 9. ÁREKSTUR

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins þegar tveir slösuðust eftir ákeyrslu á ljósastaur. Einn fór á vettvang.

F2

13. febrúar 2025

## 8. ÓVEÐUR

F2 Útkall vegna annarar rauðrar viðvörunar á höfuðborgarsvæðinu. Tveir Kjalarmenn voru til taks en engin verkefni komu inn á heimasvæði.

F2

6. febrúar 2025

## 7. ÓVEÐUR

F3 Rauð veðurviðvörun á höfuðborgarsvæðinu. Tveir hópar, alls 7 manns, voru til taks í Þórnyjarbúð. Engin verkefni komu þó inn.

F3

5. febrúar 2025

## 6. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna geðrænna veikinda. Tveir fóru af stað en afturkallað.

F2

24. janúar 2025

## 5. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna geðrænna veikinda. Tveir menn fóru á vettvang.

F2

24. janúar 2025

## 4. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna geðrænna veikinda. Tveir fóru á staðinn.

F2

18. janúar 2025

## 3. VEIKINDI

F2 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda í Grundarhverfi. Einn fór á staðinn.

F2

16. janúar 2025

## 2. LEIT

F2 Leit að örvingluðum einstaklingi við Mosfellsbæ. Alls fóru 7 Kjalarmenn til leitar á öllum tækjum sveitarinnar.

F2

1. janúar 2025

## 1. LÍKAMSÁRÁS

F1 Útkall á vegum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna líkamsárásar í heimahúsi. Fjórir fóru á vettvang.

F1

1. janúar 2025